

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og barnamálaráðherra hér með breytingar á aðalnámskrá grunnskóla sem fjalla annars vegar um ýmsar undanþágur og frávik frá skyldunámi og hins vegar um aðrar leiðir til að fullnægja skóla-skyldu.

Breytingar voru gerðar á 16. kafla um undanþágur frá aðalnámskrá ásamt því að undirkafla var bætt við 7. kafla um nám og kennslu, eða kafla 7.15 um trúar- og lífsskoðanir í fjölmenningsamfélagi sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 17. ágúst 2023.

Ásmundur Einar Daðason.

Erna Kristín Blöndal.

### Fylgiskjal I.

#### Kafla 7 – Nám og kennsla.

##### 7.15 Trúar- og lífsskoðanir í fjölmenningsamfélagi.

Mikilvægt er að nemendur fræðist um ýmis trúarbrögð og lífsskoðanir í grunnskólum í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár en slíkt er mikilvægur liður í lýðræðismenntun og virðingu fyrir fjölmenningu. Í skólastarfi skal ríkja skilningur og virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum. Trúarbragða- og lífsskoðanafræðsla í fjölmenningsamfélagi skal ávallt vera á forsendum grunnskólanáms fyrir alla nemendur. Vönduð trúarbragðafræðsla er mikilvæg í fjölmenningsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag. Vilji foreldrar að börn þeirra fræðist sérstaklega um tiltekin trúarbrögð er það á ábyrgð þeirra í frítíma barnsins að sækja slíka fræðslu og þjónustu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Hið sama má segja um aðra þætti í skipulagi skólastarfs og fræðslu í tengslum við líf og starf í lýðræðislegu fjölmenningsamfélagi. Grunnskólar skulu haga störfum sínum þannig að nemendur þurfi ekki að fá undanþágu frá ákveðnum þáttum skólastarfs vegna trúar- og lífsskoðana sinna og því ekki gert ráð fyrir slíkri undanþáguheimild. Í þessu sambandi er vísað til viðmiða Toledo sáttmálans um skólastarf og kennslu ólíkra trúarbragða og lífsskoðana frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Einnig er vísað til viðmiða frá menntamálayfirvöldum frá 2013 um samskipti skóla og trúfélaga.

#### Kafla 16 – Undanþágur frá aðalnámskrá.

Menntun barna er lykill þeirra að framtíðinni. Öll börn eiga rétt á menntun og ber að tryggja þeim jöfn tækifæri til menntunar og að skólasamfélagið í heild sinni vinni markvisst að því að börn njóti farsællar menntunar. Réttur barna til menntunar er m.a. tryggður í grunnskólalögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 (hér eftir barnasáttmálinn). Við alla stjórnsýsluframkvæmd, þar á meðal framkvæmd skólastarfs, ber að virða réttindi barna.

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi grunnskóla. Á það við hvort sem sveitarfélög reka grunnskóla á eigin vegum, gera samninga við einkaaðila um rekstur skóla eða með öðrum hætti. Ráðuneyti mennta- og barnamála fer með yfirstjórn með málefnum grunnskóla gagnvart sveitar-

félögum auk þess sem ráðherra fer með úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem grunnskólalög kveða á um, þar á meðal vegna ákvarðana sem tengjast undanþágum frá aðalnámskrá.

Skólaskylda barns í grunnskóla hefst að jafnaði á því almanaksári sem það verður sex ára. Unnt er að fullnægja skólaskyldu í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt grunnskólalögum, t.d. með námi í alþjóðaskóla, þróunarskóla eða með heimakennslu.

Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að öll skólaskyld börn njóti skólavistar í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Sú skylda nær til barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og barna sem ráðstafað hefur verið í föstur til fösturfóreltra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla. Jafnframt skulu Vinnuálastofnun og sveitarfélög tryggja menntun barna sem sækja um alþjóðlega vernd. Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það þar lögheimili. Hafi slíkur samningur verið gerður ber viðtökusveitarfélagið áðurnefnda skyldu gagnvart barninu.

Með grunnskólalögum er ábyrgð hvers sveitarfélags því ljós þegar kemur að menntun allra barna. Reglur laga um grunnskóla skulu ávallt skýrðar með þeim hætti að tryggt sé að ábyrgð á réttindum barna til menntunar falli ekki niður. Skyldur samkvæmt lögum um grunnskóla ná þó ekki til barna á skólaskyldualdri sem flytjast frá landinu en ríkið sem barnið flytur til ber þá ábyrgð á menntun barna í samræmi við gildandi lög þar í landi. Þegar um er að ræða aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu en í grunnskólum á vegum sveitarfélaga þarf að huga sérstaklega að velferð, öryggi, aðbúnaði og réttindum viðkomandi barna þrátt fyrir að þau sæki ekki nám samkvæmt hefðbundnum leiðum.

Samkvæmt barnaverndarlögum er hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður var við aðstæður þar sem þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, skylt að tilkynna það til barnaverndarþjónustu. Sérstök tilkynningarskylda hvílir á starfsfólki menntastofnana samkvæmt sömu lögum og ber þeim að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarþjónustu viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu óviðunandi.

Samkvæmt lögum um grunnskóla eru foreldrar þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og bera ábyrgð á námi þeirra. Einnig bera þeir ábyrgð á að börn þeirra innritist í skóla og sæki skóla. Starfsfólk skóla ber ábyrgð á að bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ásamt því að leiðbeina foreldrum og/eða barni um samþættingu þjónustu. Verði misbrestur á skólasókn, án málefnalegra ástæðna, ber skólastjóra að leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur en jafnframt er honum skylt að tilkynna um málið til barnaverndaryfirvalda í samræmi við barnaverndarlög.

Foreldrum ber að stuðla að því að börn þeirra stundi nám sitt og virða skólaskyldu til daglegrar skólasóknar án undantekninga nema eðlileg forföll eins og veikindi hamli. Þá ber foreldrum að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og nær sú skylda jafnframt til þess tíma sem þau eru fjarverandi frá skóla. Þá ber foreldrum að gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og skulu eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Að sækja skóla er bæði fortakslaus réttur og skylda barna á skólaskyldualdri og ábyrgð foreldra í þeim efnum er skýr.

Til að standa vörð um rétt barna til menntunar og jöfn tækifæri til náms sem og að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu ber að túlka undanþáguákvæði grunnskólalaga frá skólaskyldu þröngt. Enn fremur ber að túlka undanþáguákvæðin með hliðsjón af ákvæðum barnasáttmálans, ásamt öðrum ákvæðum laga sem tryggja réttindi barna. Þá þurfa viðbrögð skóla við undanþágum og frávikum frá skyldunámi að taka mið af öðrum reglum, svo sem lögum um samþættingu þjónustu í þágu

farsældar barna. Í barnasáttmálanum er m.a. kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn, sbr. 3. gr. sáttmálans. Ber í þessu samhengi að hafa sérstaklega hliðsjón af 2., 28. og 29. gr. barnasáttmálans en með honum viðurkenna aðildarríki rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga og allir njóti sömu tækifæra, meðal annars koma á skyldu til grunnmenntunar fyrir alla án endurgjalds og gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn sem og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Einnig á menntun að efla börn til að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og hæfni. Með menntun eiga börn að öðlast aukna þekkingu á réttindum og skyldum sínum og annarra ásamt vaxandi næmi og skilningi á menningu og fjölbreytileika.

### 16.1 Undanþágur og frávik frá skyldunámi.

Meginreglan er að börnum á skólaskyldualdri er skylt að sækja grunnskóla. Ríkar ástæður þurfa að vera fyrir hendi til að veita undanþágu frá skólaskyldu enda ber að skýra allar undanþágur frá meginreglunni þröngt.

Foreldrar sem eru með lögheimili hér á landi en dvelja langdvölum í öðru landi þurfa að fá undanþágu frá skólasókn fyrir barn sitt frá viðkomandi skóla í samræmi við almenn sjónarmið um undanþágur frá skólasókn um þessar aðstæður. Ef unnt er að skrá barn sem er með lögheimili á Íslandi í skóla í öðru landi bera foreldrar ábyrgð á slíkri skráningu og að upplýsa skóla, þar sem barnið er með lögheimili, um hana.

Í grunnskólalögum eru ákvæði sem heimila undanþágur frá skólaskyldu og fyrirmælum aðalnámskrár. Þannig er skólastjóra heimilt að veita undanþágu annars vegar frá skólasókn, að fenginni umsögn skólaþjónustu, og hins vegar frá skyldunámi. Samkvæmt grunnskólalögum felur undanþága frá skólasókn í sér að flyta eða seinka skólabyrjun til að skapa ákveðinn sveigjanleika í þessum efnum innan grunnskóla. Skólastjóri grunnskóla getur heimilað að barn hefji skólagöngu ári fyrir eða síðar eftir því sem samkomulag næst um milli foreldra og skóla. Byggist slíkt á mati sérfræðinga, kennara og skólastjórna með hag barnsins að leiðarljósi. Frumkvæði að slíkri ráðstöfun er hjá foreldrum í samráði við skólann sem ber að leita ráðgjafar skólaþjónustu sveitarfélags þegar slík tilvik eru metin. Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum eða ljúka námi á einstökum námssviðum. Þrátt fyrir möguleika á að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða þessum nemendum upp á að dýpka hæfni sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum í tíu ár.

Hér verður fjallað um fimm mismunandi ástæður fyrir undanþágum og frávikum frá skólaskyldu, þ.e. undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein, viðurkenningu á námi utan grunnskóla, sjúkra-kennslu, undanþágu frá skólasókn, og óútskýrðar fjarvistir og skólaforðun.

#### 16.1.1 Undanþágur frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein.

Skólastjóra grunnskóla er samkvæmt grunnskólalögum heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Meginreglan er að börn stundi fullt nám og að undanþágur frá því verði skýrðar þröngt. Skólastjórum er veitt svigrúm til mats á því hvað teljast gildar ástæður fyrir því að veita undanþágu frá skyldunámi. Með vísan til réttis barna til menntunar er gert ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo slík undanþága sé veitt. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru ákvæði um að hafi nemandi fengið undanþágu frá skyldunámsgrein í grunnskóla gildi slík undanþága áfram í sömu námsgreinum í framhaldsskóla ef þess er óskað. Veiting undanþága frá skyldunámi er stjórnvaldsákvörðun og skal því ávallt gætt að málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga við töku slíkra ákvarðana. Slíkar beiðnir skulu berast skriflega til skóla.

Gild rök fyrir undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein geta verið ef nemandi með miklar stuðningsþarfir fær undanþágu frá tilteknum námsgreinum eða nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Skólinn getur boðið nemanda önnur námstækifæri í staðinn að höfðu samráði við foreldra, t.d. nám í móðurmáli hans ef aðstæður leyfa. Upplýsa skal foreldra um að slíkar undanþágur geta mögulega haft áhrif á nám nemenda síðar, t.d. á framhaldsskólastigi. Þá er einnig hægt að nýta þessa undanþáguheimild fyrir nemendur sem hafa sýnt afburðaárangur á ákveðnu sviði, samanber leiðbeinandi reglur fyrir skóla um meðferð slíkra mála sem birtar eru hér að neðan.

Dæmi um ástæður undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein:

1. Nemandi er með annað móðurmál en íslensku og fær undanþágu frá skyldunámi í tilteknum námsgreinum.
2. Nemandi með miklar stuðningsþarfir sem fær undanþágu frá tilteknum námsgreinum að höfðu samráði við fagfólk.
3. Nemandi sem tekst á við tímabundnar persónulegar áskoranir, t.d. vegna skólaforðunar eða kvíða.

Viðmið um verklag vegna beiðni um undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein:

1. Umsókn foreldra skal vera skrifleg og staðfest af foreldrum og nemanda eftir því sem við á. Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og grunnskóli nemandans.
2. Rökstuðningur undanþágu þarf að koma fram í umsókn foreldra, ásamt skriflegu mati sérfræðinga ef við á.
3. Skólastjóri aflar frekari viðbótarupplýsinga, t.d. frá umsjónarkennara og skólaláþjónustu ef þess er talin þörf.
4. Skólastjóri skal svara erindi skriflega og viðhafa ákvæði stjórnáskrár við framkvæmdina.

### 16.1.2 Viðurkenningar á námi utan grunnskóla.

Skólastjóra grunnskóla er heimilt að viðurkenna nám sem stundað er utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki. Sem dæmi um þetta má nefna viðurkenningu á hæfni nemenda í öðru móðurmáli en íslensku í samræmi við stefnu stjórnvalda um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, hæfni íslenskra nemenda í öðrum erlendum málum en ensku og Norðurlandamáli og nám við tónlistarskóla, aðra listaskóla eða mála-skóla.

Einnig er heimilt að meta þátttöku nemenda t.d. í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi og nám utan grunnskóla í eigin móðurmáli sem hluta af vali og valgreinum á unglingsstigi. Meta má þátttöku nemenda í atvinnulífi að frumkvæði skólans í tengslum við tiltekið námsúrræði en ekki hefðbundna atvinnuþátttöku. Ferli fyrir slíkt samstarf skóla og atvinnulífs þarf að vera formgert af hálfu sveitarfélaga og skýrt í hvaða tilgangi það er notað. Einnig er heimilt að meta nám utan grunnskóla og skrá á vitnisburðarblað nemenda sem valgrein þó að viðkomandi nemandi fái enga undanþágu frá skyldunámi.

### 16.1.3 Sjúkrakennsla.

Allir nemendur eiga rétt á kennslu við hæfi án tillits til líkamslegs eða andlegs atgervis.

Nemandi sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda á rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennslan er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og getur að hluta til farið fram sem fjarkennsla eða dreifnám undir leiðsögn kennara og með eftirfylgni frá foreldrum eða starfsmönnum sjúkrastofnana að höfðu samráði við grunnskóla viðkomandi nemanda. Ákvæði þetta tekur ekki til tilfallandi veikinda nemanda og má í því sambandi almennt líta til veikinda sem standa skemur en viku.

Nemandi á rétt á sjúkrakennslu um leið og hann, að mati læknis, getur lagt stund á nám og skal lengd daglegrar eða vikulegrar sjúkrakennslu miðast við ástand hans og þrek. Markmið sjúkrakennslu er að nemandi missi sem minnst af kennslu og verði ekki af tækifærum til náms vegna slyss eða langvarandi veikinda.

Skólastjóri ákveður í samráði við lækni og foreldra, umfang og nánara fyrirkomulag kennslunnar. Skólastjóri stendur með því undir þeirri ábyrgð sem lögð er á sveitarfélög að viðeigandi sjúkrakennsla sé veitt. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár til lengri eða skemmri tíma þar sem tekið er mið af aðstæðum, veikindum og þörfum nemanda. Skólastjóri ber ábyrgð á að, áður en fyrirkomulag og skipan sjúkrakennslu er ákveðið, hafi nemandi fengið tækifæri til að tjá sig með hliðsjón af aldri og þroska viðkomandi nemanda. Ekki er gert ráð fyrir að sjúkrakennsla komi í stað staðbundins náms að umfangi.

Nýta skal fjölbreyttar aðferðir við skipulag og útfærslu sjúkrakennslu að höfðu samráði við viðkomandi nemanda eftir því sem kostur er. Þá skal nemandi eiga þess kost að tengjast skólanum sínum og umsjónarhópi sem best eftir því sem aðstæður og ástand hans leyfir.

#### 16.1.4 Undanþágur frá skólasókn.

Foreldrar geta sótt um tímabundna undanþágu frá skólasókn barns síns í einstökum námsgreinum og námssviðum eða að öllu leyti. Skólastjóri aflar nægra upplýsinga um stöðu barnsins, til dæmis með samráði við umsjónarkennara. Sú skylda hvílir í öllum tilvikum á foreldrum, fái þeir slíka undanþágu, að taka ábyrgð á því að nemandinn vinni það sem hann kann að hafa misst úr námi samkvæmt upplýsingum frá skóla.

Langvarandi fjarvistir barna frá skóla, vegna tímabundinna undanþága að ósk foreldra, eiga ekki að hafa áhrif á skólastarfið í heild sinni eða á nám annarra nemenda.

Gildar ástæður þurfa að vera fyrir hendi ef barn sækir ekki skóla. Gildar ástæður fyrir tímabundna undanþágu frá skyldunámi geta m.a. verið:

1. Alvarleg veikindi, dauðsföll eða önnur áföll í nærumhverfi barnsins.
2. Ferðalög á vegum skóla eða í samstarfi við skóla, hvort heldur innan- eða utanlands.
3. Þátttaka í afreksverkefnum á sviði íþróttá, lista eða starfi ungmennaráða.

Skólastjóri ber ábyrgð á því að meta aðstæður í hverju máli. Við mat á undanþágu skal meta hverju sinni hvort ástæðan sé þess eðlis að eðlilegt þyki að veita undanþágu. Undanþágum frá skólasókn skal ávallt markaður tími sem ekki varir lengur en nauðsyn ber til.

Samfelldur og heildstæður dagur barnsins er talinn farsæll þegar skólastarfi og ástundun í öðru skipulögðu starfi lýkur fyrir á daginn og getur það einnig haft jákvæð áhrif á fjölskyldulíf viðkomandi barns. Samvinna skóla og annars skipulagðs starfs kallar á sveigjanleika en erfitt getur verið fyrir grunnskólann sem starfar samkvæmt stundaskrá að bæta barni upp það námstap sem það verður fyrir ef það fer úr kennslustundum á sama tíma í hverri viku. Mikilvægt er að slík atriði verði útfærð með það að leiðarljósi að það sem er barni fyrir bestu hafi ávallt forgang og að réttur þess til menntunar skerðist ekki. Í því felst meðal annars að kanna vilja barnsins ásamt því að hafa það með í ráðum í ferlinu þegar fyrirkomulag er valið líkt og barnasáttmálinn gerir kröfu um. Ef veitt er undanþága vegna t.d. tónlistarnáms eða annars náms á skólatíma skal liggja fyrir skriflegt samþykki foreldra, barns og skóla þar sem meðal annars kemur fram hvernig foreldrar rækja ábyrgð á því að barn geti unnið upp það nám sem tapast.

#### 16.1.5 Óskýrðar fjarvistir og skólaforðun.

Ef fjarvistir koma niður á námi og farsæld nemanda kallar það á viðbrögð skóla. Miða skal við að skóli bregðist við ef heildarfjarvistir nemanda eru umfram tíunda hluta skólaárs. Sveitarfélög skulu setja sér viðmið um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn nemenda sem kveða á um aðgerðir sem fara stigþvingjandi samhliða minnkandi skólasókn uns fjarvistir frá skóla ná því alvarleikastigi að vera tilkynningarskyldar til barnaverndaryfirvalda. Með stigvaxandi aðgerðum er gert ráð fyrir að áður en til tilkynningar til barnaverndaryfirvalda komi og viðmiði er náð hafi skóli leitast við á fyrri stigum að vinna úr mögulegum aðstæðum nemandans í samstarfi við foreldra og nemandann sjálfan. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að skólastjórnendur geti leitað fyrir til barnaverndaryfirvalda enda þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig heildaraðstæður barns og hafa sérstaklega í huga öll þau atriði sem tilkynningarskyld eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þá er mikilvægt að horft sé m.a. til allra fjarvista, veikinda, leyfa og óheimilla fjarvista og aðstæðna nemanda að öðru leyti þegar reglur um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn eru mótaðar. Þessi viðmið sveitarfélaga skal birta opinberlega og jafnframt verða hluti af skólanámskrá og skólaeglum allra skóla í sveitarfélaginu. Þá geta sveitarfélög nýtt sér þessar reglur við gerð formlegra viðmiða um viðbrögð við minnkandi skólasókn nemenda.

Dræm skólasókn getur verið vísbending um að þörf sé á tengilið eða málstjóra í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ber starfsfólki skóla þá að veita foreldrum leiðbeiningar um samþættingu þjónustu til dæmis með því að benda þeim á tengilið í skólanum. Ef slíkur misbrestur

verður á skólasókn barns að telja má til vanrækslu skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda. Sama á við um vanrækslu foreldra á ábyrgð á námi barnsins á meðan það er á undanþágu frá skólasókn.

Skólaforðun hefur verið skilgreind sem meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða ungmenni sýnir af sér sem birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag, hluta úr skóladegi eða í ákveðnar námsgreinar, í lengri eða skemmri tíma. Ástæður skólaforðunar geta verið margvíslegar og skoða þarf hvert tilvik út frá aðstæðum barns og fjölskyldu þess og félagslegu samhengi og námsumhverfi, s.s. liðan í skóla, félagsfærni, námsgetu og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfi barns og fjölskyldu. Foreldrar og starfsfólk skóla þurfa að vera vakandi fyrir einkennum skólaforðunar og taka ábendingum þess efnis alvarlega. Þau einkenni geta til dæmis verið óútskýrðar fjarvistir eða seinkomur í skóla, fjarvistir á ákveðnum dögum eða að nemandi vilji ekki sækja skóla þó að ekki séu nein sýnileg merki um veikindi. Önnur einkenni geta verið svefntruflanir eða að barn vill fara heim úr skólanum á miðjum degi. Þá ber að hafa í huga að hér er ekki um tæmandi lista að ræða enda getur skólaforðun birst í mörgum myndum og átt sér margvíslegar ástæður.

Grunnskólar skulu leggja sérstaka áherslu á stuðning og forvarnir ekki síst ef vísbendingar eru um skólaforðun með það að markmiði að greina vandann áður en hann verður langvarandi og bitnar á náms-, uppeldis- og þroskaskilyrðum barna og farsæld þeirra til framtíðar.

Snemmtækur stuðningur og markviss samvinna heimilis og skóla eru lykilatriði til þess að koma í veg fyrir skólaforðun og ná barni sem tekst á við skólaforðun sem fyrst aftur í skólastarfið. Barnið getur óskað eftir því að fá tilnefndan tengilið innan skólans sem vinnur að málum nemenda í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá er mikilvægt að skólar, eftir atvikum með aðkomu tengiliðs, leggi einstaklingsbundið mat á þarfir hvers barns fyrir sig sem glímur við skólaforðun og hvaða stuðningsúrræði viðkomandi barn hefur þörf fyrir m.a. með aðkomu viðeigandi aðila, t.d. skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu í þágu farsældar barna. Takist ekki að koma nemanda í fullt nám aftur með aðstoð skólaþjónustu og tengiliðs samþættingar þjónustu er tilefni til að kanna hvort ástæða sé til að fá málstjóra til frekari úrvinnslu með samþættri þjónustu.

Á meðan unnið er að því virkja nemanda í námi og starfi ber skólanum að grípa til viðeigandi aðferða til þess að aðstoða nemanda og fjölskyldu hans. Slík úrræði geta þó aldrei orðið meginregla hjá nemanda í skólaforðun og skulu alltaf vera hugsuð til skamms tíma með það að markmiði að nemandi geti sótt skóla á ný.

## 16.2 Aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu.

Með grunnskólalögum er kveðið á um með hvaða hætti unnt er að fullnægja skólaskyldu í grunnskólum. Meginreglan er sú að börn gangi í almennan grunnskóla, sem er þá annaðhvort rekinn af sveitarfélagi eða öðrum rekstraraðilum, sbr. 43. gr. laga um grunnskóla. Undantekning frá þessu er þegar börn sækja þróunarskóla, sbr. 44. gr., alþjóðaskóla, sbr. 1. mgr. 46. gr. eða stunda nám í heimakennslu, sbr. 2. mgr. 46. gr. Þá er kveðið á um með 1. mgr. 26. gr. að hluti náms geti verið fjar- eða dreifnám.

### 16.2.1 Þróunarskólar.

Samkvæmt gildandi lögum getur ráðherra veitt sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum tímabundna heimild til að starfrækja þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Í slíkum tilvikum er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá aðalnámskrá grunnskóla og almennt er ekki veitt heimild til meira en þriggja ára með ákvæði um mat á tilraunaverkefnum að þeim tíma liðnum. Getur slík undanþága t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda, frávík frá viðmiðunarstundaskrá og frávík frá aðalnámskrá. Einnig er hægt að veita skólum stöðu þróunarskóla vegna þróunar- og tilraunastarfs innan grunnskóla þó að starfsemin rúmist að öllu leyti innan laga og aðalnámskrár. Slíkum tilraunum skal ávallt setja tímamörk og skal ráðuneytið ávallt leggja mat á slíkar tilraunir þegar þeim lýkur.

Hægt er að reka þróunarskóla sem almennan grunnskóla á vegum sveitarfélaga, sem deild innan grunnskóla eða sem sjálfstætt rekinn skóla að fenginni heimild ráðuneytisins og með fjárframlögum frá sveitarfélögum.

### 16.2.2 Alþjóðaskólar.

Samkvæmt grunnskólalögum er ráðherra heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og veita undanþágur frá viðeigandi ákvæðum laga og aðalnámskrár grunnskóla. Ráðherra setur reglugerð um nánari útfærslu þessa ákvæðis, m.a. um þjónustusamninga sveitarfélaga vegna skólalífs samkvæmt grunnskólalögum, ákvörðunar framlaga úr sveitarsjóði, vanefnda og afturköllunar viðurkenningar. Undanþágurnar skulu ekki skerða lögbundin réttindi nemenda til menntunar. Hér er einkum átt við grunnskóla sem starfa tímabundið hér á landi vegna sértækra verkefna í atvinnulífinu og vegna grunnskóla fyrir börn þeirra foreldra sem starfa á alþjóðavettvangi og dveljast tímabundið hér á landi.

Bæði sveitarfélög og einkaaðilar geta óskað eftir því að fá heimild til að reka alþjóðaskóla eða alþjóðadeild við grunnskóla. Þegar óskað er eftir stofnun alþjóðaskóla eða alþjóðadeildar við grunnskóla skal ráðherra veita fyrst leyfi til að reka alþjóðaskóla sem þróunarskóla til að hámarki þriggja ára og meta starfið að þeim tíma liðnum áður en skólinn fær stöðu alþjóðaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Ganga skal frá formlegri viðurkenningu ef öll skilyrði viðurkenningar teljast uppfyllt að mati ráðuneytisins. Þótt alþjóðaskólar séu einkum hugsaðir fyrir nemendur af erlendum uppruna og einkum þá sem hyggjast dvelja tímabundið hér á landi þá hafa alþjóðaskólarnir einnig staðið opnir fyrir íslenska nemendur. Þegar íslenskir nemendur stunda nám í alþjóðaskóla er gerð krafa um að þeir stundi nám í íslensku samkvæmt aðalnámskrá og einnig er gert ráð fyrir að allir nemendur alþjóðaskóla af erlendum uppruna fái tækifæri til að læra íslensku sem annað mál. Nánari ákvæði um alþjóðaskóla og skilyrði fyrir starfsemi þeirra eru í reglugerð um skólalífið samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, nr. 699/2012.

### 16.2.3 Heimakennsla.

Grunnskóli er staður þar sem börn fá lögbundna menntun og einnig hefur hann mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar öryggi og velferð barna ásamt því að stuðla að alhliða þroska þeirra og farsæld til framtíðar. Starfsfólk skóla ber skyldur gagnvart börnum samkvæmt grunnskólalögum, barnaverndarlögum og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem ekki falla úr gildi þótt barn njóti heimakennslu.

Heimakennsla er undanþága frá meginreglunni um skólaskyldu, sbr. 46. gr. laga um grunnskóla. Þess vegna eru gerðar ríkar kröfur til foreldra eða forráðamanna barna sem er veitt tímabundin heimild til að annast sjálf kennslu barns að hluta eða öllu leyti.

Sveitarstjórn getur veitt foreldrum barns undanþágu til þess að annast sjálf menntun þess samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett eru í reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi, nr. 531/2009. Foreldrar sem óska eftir undanþágu til að geta kennt börnum sínum heima skulu sækja um undanþáguna til þess sveitarfélags þar sem þau eiga lögheimili.

Börn sem njóta heimakennslu eru undanþegin skólasókn í grunnskóla á meðan heimakennsla varir en skulu tengjast tilteknum skóla í sveitarfélaginu og lúta reglulegu mati og eftirliti. Þau skulu eiga aðgang að skólaþjónustu sveitarfélagsins og annarri stöðþjónustu sveitarfélagsins ásamt því að eiga þess kost að taka þátt í starfi á vegum skólans. Þau skulu einnig eiga þess kost að taka þátt í félags- og tómstundastarfi og skólaferðalögum á vegum skólans með sama hætti og nemendur hans. Bent er á mikilvægi þess að hvert barn hafi tækifæri til samvistar við önnur börn. Taka skal tillit til óska nemenda sjálfra um þátttöku þeirra í almennu skólustarfi þótt þau séu í heimakennslu eftir því sem því verður við komið.

### 16.2.4 Fjar- og dreifnám.

Í samræmi við skólaskyldu barna á Íslandi er meginreglan sú að nemendur skulu sækja staðnám en grundvallarforsenda þess að börn njóti ýmissa réttinda sem lög tryggja þeim er að þau sækji nám í hvetjandi námsumhverfi.

Íslenski grunnskólinn er staðskóli, þ.e. nemendur mæta í skólabygginguna daglega til að sinna námi sínu. Þó er heimilt að skipuleggja nám og kennslu þannig að hluti þess er tekinn utan skólabyggingar. Það á m.a. við um vettvangsferðir, útinám og útivist og ferðir í skólabúðir, skólaferðir innanlands og utan og Norðurlanda- og Evrópusamstarf milli skóla. Þá er möguleiki að skólar geti útfært einstaka námsgreinar, t.d. valgreinar, í fjarnámi eða sem sjálfstætt heimanám án skólasóknar. Það geti bæði verið til að kenna sjálfstæði í vinnubrögðum og til að mæta sérstökum aðstæðum nemenda, t.d. búsetu langt frá skólabyggingu. Þannig má útfæra slíka framkvæmd á mismunandi vegu innan skóla, þ.e. einstaka skólastjórar hafa heimild til slíkra útfærslna á skólastarfinu og skal það kynnt í skólanámskrá.

Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi í grunnskóla er að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er m.a. átt við nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla, s.s. nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna og valnám af ýmsum toga en einnig nám nemenda sem búa yfir hæfni til að taka staka áfanga í framhaldsskóla í fjar- og dreifnámi samhliða námi í grunnskóla.

Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla skal grunnskólanemendum standa til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla. Ef slíkt nám er metið sem hluti af skyldunámi, þ.m.t. sem valgrein, skal það vera nemanda að kostnaðarlausu. Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi fjar- og dreifnáms í skólanámskrá. Taki grunnskólanemandi aftur á móti framhaldsskólaáfanga sem hann fær metna til eininga í framhaldsskóla þá bera nemendur kostnað af náminu, þ.e. innritunar- og skráningargjald og námsgögn en kennslukostnaður er nemendum að kostnaðarlausu.

Grunnskóli, sem vinnustaður nemenda, á að haga störfum sínum þannig að nemendur finni fyrir öryggi og njóti hæfileika sinna auk þess sem þeir eigi rétt á að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans þar með talið fjar- og dreifnámi.

Áður en skólar hefja fjarnám þarf að liggja fyrir hvernig skyldum umsjónarkennara er sinnt gagnvart nemendum í fjarnámi. Vakin er athygli á hlutverki umsjónarkennara lögum samkvæmt en hann skal fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila.